



Vinnuslys – verkferlar

Starfsfólk tilkynnir yfirmanni sínum eins fljótt og auðið er, ef hann lendir í slysi, jafnt í vinnu sem/eða í frítíma.

Samvinna er á milli stjórnenda, launafulltrúa og annars starfsfólks. Vottorðum skal skila til launafulltrúa eins fljótt og auðið er. Stjórnandi og launafulltrúi skoða sameiginlega hvort reyni á ákvæði kjarasamnings varðandi tryggingar í og utan vinnutíma (frítímaslysstryggingar).

Yfirmaður sendir ávallt tilkynningu um slys í vinnu og í frítíma starfsfólks til tryggingarfélags sveitarfélagsins, Vinnueftirlitsins (ekki ef um frítímaslys er að ræða) og Sjúkratrygginga Íslands.

1. Öll slys skal tilkynna í síðasta lagi viku eftir að atburður á sér stað. Mikilvægt er að stjórnandi, starfsfólk og launafulltrúi hafi allir vitneskju um hvað átti sér stað. Stjórnandi tilkynnir slysið og launafulltrúi fær afrit af gögnum.
2. Stjórnandi skráir inn á heimasíðu VÍS á vefslóðinni <https://mitt.vis.is/> með sínum rafrænum skilríkjum:
 - a. Tilkynna tjón.
 - b. Skrá tjón fyrir annan aðila.
 - c. Rekstur og fyrirtæki.
 - d. Ábyrgð og starfsábyrgðir.
 - e. Þá opnast form til innfyllingar.
 - f. Hægt er að hlaða inn nauðsynlegum fylgigögnum sem þurfa að fylgja með.
 - g. Muna að senda formið.
3. Stjórnandi tilkynnir slysið til Vinnueftirlitsins á vefslóð: <https://minarsidur.ver.is/> með Íslykli sveitarfélagsins. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur umsjón með Íslykli.
4. Stjórnandi tilkynnir slysið til Sjúkratrygginga Íslands á vefslóð; <https://www.sjukra.is/media/eydublodin/Tilkynning-um-slys-onnur-en-sjoslys.doc.docx>

ATVIK:

Dalvíkurbyggð hefur gert samning við VÍS um tryggingar og hafa allir stjórnendur fengið aðgang að slysaskráningarkerfi frá tölvuumsjónarmanni. ATVIK veitir góða yfirsýn yfir slys, tjón og hættur í vinnuumhverfinu. Það greinir *tækifæri til úrbóta* og stuðlar að *öruggari vinnustað*. Stjórnendur skrá inn í gagnagrunninn verði næstum slys, ábendingar um það sem betur mætti fara á stofnunum sveitarfélagsins, skrá minniháttar slys, ógn á starfsfólk og meiriháttar slys. Hægt er að taka úr skýrslur til að fylgjast með starfsstöðvum og hugsanlegum áhættuþáttum í starfi sem hægt er að endurbæta.

Starfsmenn skrá ekki inn á atvik, einungis stjórnandi.

Mikilvægt er að skrá í Atvik en það kemur alls ekki í veg fyrir skil á gögnum verði slys á starfsmönnum.